

Aðalstjórn UMF Stjórnunnar

Félagsráðsfundur haldinn í Stjörnuheimilinu, þriðjudaginn 1.09.2020, kl. 17:15

Mætt úr aðalstjórn: Brynja Baldursdóttir (BB), Erling Ásgeirsson (EÁ), Heiðrún Jónsdóttir (HJ), Ingvar H. Ragnarsson (IHR), Sigurgeir Guðlaugsson (SG), Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir (PBS).

Mætt úr deildum: Alexander Olsen (AO) f.h. lyftingadeildar, Helgi H. Jónsson (HHJ) f.h. knattspyrnudeildar, Hilmar Júlíusson (HIJ) f.h. körfuknattleiksdeildar, Pétur Bjarnason (PB) f.h. handknattleiksdeildar, Ingibjörg Vilhjálmsdóttir (IV) f.h. fimleikadeildar, Sigrún Þorsteinsdóttir (SP) f.h. sunddeildar.

Einnig sat fundinn Baldvin Sturluson (BS) fjármálastjóri og Ása Inga Þorsteinsdóttir (ÁÍP) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerðina.

Forfallaðir: Gunnar Berg Viktorsson (GBV).

Fundargerð:

Formaður aðalstjórnar, SG, setti fundinn og stýrði.

1. Covid-19

A. Almenn umræða var tekin um stöðu og áhrif Covid-19 á starfsemi félagsins. Farið var yfir aukinn kostnað vegna aukinna þrifa og sótthreinsunar og kaupa á hreinlætisvörum ásamt öðrum ráðstöfunum sem félagið hefur þurft að fara í. Eins var farið yfir tekjutap deilda félagsins það sem af er árinu 2020 og farið yfir vænt tekjutap fyrir árið í heild.

B. IHR kynnti þær hugmyndir sem fjárhagsráð aðalstjórnar er með í skoðun varðandi skiptingu á styrk ÍSÍ v/Covid-19 á milli deilda. Niðurstaða skiptingar mun liggja fyrir þegar úthlutun 2 er lokið frá ÍSÍ og fjárhagsráð hefur lagt fram tillögu til aðalstjórnar á næsta fundi stjórnarinnar í október.

Niðurstaða: Til upplýsinga.

2. Samningarviðræður við Garðabæ

SG fór yfir fyrsta samtal við forsvarsmenn Garðabæjar vegna fjárhagsáætlunargerðar hjá bænum fyrir árið 2021, en SG hafði óskað eftir fundi með helstu forsvarsmönnum í lok ágúst og gekk það samtal vel. Áherslur aðalstjórnar eru:

- Aukinn styrkur til rekstrar skrifstofu þar sem núverandi skipulag hefur ekki vaxið í takti við stækkun félagsins.
- Hækkun á afreksstyrk í takti við upphaflegt verðgildi samningsins, þannig að hann nái að dekkja 75% af viðurkenndum grunnkostnaði flokkanna líkt og hann gerði 2013.
- Öryggis- og aðstöðumál í íþróttamannvirkjum Garðabæjar.

Niðurstaða: Til upplýsinga.

3. Ný heimasíða Stjórnunnar

ÁÍP sýndi myndir af nýrri heimasíðu félagsins, en núverandi síða er nánast ónothæf. Áætlað er að ný síða fari í loftið í lok sept eða byrjun okt næstkomandi. Formenn deilda voru beðnir um að

koma með ábendingar eða óskir til ÁÍP ef einhverjar eru varðandi síðuna sem allra fyrst svo þær séu komnar áður en hönnunarvinnu á síðunni lýkur.

Niðurstaða: Til upplýsinga.

4. **60 ára afmæli Stjórnunnar**

- A. ÁÍP fór yfir hugmyndir að merki félagsins í afmælisbúningi en fimm grunnhugmyndir lágu fyrir frá hönnuði. Voru fundargestir almennt sammála um að merki 2-3 væru vænlegust til áframhaldandi vinnu.
- B. EÁ fór yfir skrif á Sögu Stjórnunnar og útgáfu þess rits í tilefni 60 ára afmælis félagsins. Steinar J. Lúðvíksson skrifar afmælisritið en EÁ hefur stýrt vinnu rit- og afmælisnefndar Stjórnunnar undanfarið ár eða svo.
- C. Ákvörðun hefur verið tekin um að fresta matar- og tónlistarhátíðinni „Rámur“ um óákveðinn tíma vegna þeirrar óvissu sem ríkir í samfélaginu sökum Covid-19. Hugmyndin var að tengja þá hátíð við afmæli félagsins en ljóst er að vegna óvissuástands í kjölfar Covid-19 er erfitt að horfa til framkvæmdar á slíku verkefni núna.

6. **Önnur mál**

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 19:30, ÁÍP